

**Umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu**

**Ályktun Evrópuþingsins frá 7. júlí 2010 um umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu**

*Evrópuþingið*

- með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins frá 31. maí 2010 um að bæta Íslandi á skrá yfir lönd sem eru hæf til að fá aðstoð frá ESB vegna aðildarundirbúnings til að hjálpa umsóknarlöndum að samræma löggjöf sína Evrópurétti,
- með hliðsjón af álit framkvæmdastjórnarinnar á umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu (SEC/2010) 153),
- með hliðsjón af ákvörðun leiðtogaráðsins frá 17. júní 2010 um að hefja aðildarviðræður við Ísland,
- með hliðsjón af ályktun sinni frá 26. nóvember 2009 um greinargerð framkvæmdastjórnarinnar frá 2009 um stækkunaráætlun vegna landanna á Vestur-Balkanskaga, Íslands og Tyrklands<sup>1</sup>,
- með hliðsjón af ályktun sinni frá 11. febrúar 2010 um tillögu að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1085/2006 frá 17. júlí 2006 um að stofna sjóð til aðstoðar vegna aðildarundirbúnings (COM(2009)0588 – C7-0279/2009 – 2009/0163(COD))<sup>2</sup>,
- með hliðsjón af yfirlýsingum ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu,
- með hliðsjón af 2. mgr. 110. reglu starfsreglna þess,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- A. Samkvæmt 49. gr. sáttmálans um Evrópusambandið getur „sérhvert Evrópuríki [...] sótt um aðild að Sambandinu“.
- B. Frammistaða hvers lands og viðleitni þess til að uppfylla viðmið varðandi aðild ræður því hvernig ferlinu um aðild að Evrópusambandinu vindur fram auk þess sem taka þarf tillit til getu Sambandsins til að taka inn ný aðildarríki.
- C. Ísland lagði fram umsókn sína um aðild að Evrópusambandinu 17. júlí 2009.
- D. Framkvæmdastjórnin lagði fram álit sitt 24. febrúar 2010 með tilmælum um að hefja aðildarviðræður við Ísland.
- E. Þar eð fyrri stækkanir Evrópusambandsins hafa óumdeilanlega verið farsælar, og á það jafnt

---

<sup>1</sup> Samþykktur texti: P7\_TA-(2009)0097.

<sup>2</sup> Samþykktur texti: P7\_TA-(2010)0026.

við um ESB og ríkin sem gerðust aðilar, og þar með var stuðlað að stöðugleika, þróun og hagsæld í Evrópu á heildina litið, er brýnt að skapa nauðsynleg skilyrði til að ljúka aðildarferli Íslands og tryggja, í samræmi við Kaupmannahafnarviðmiðin, að aðild þess verði einnig farsæl.

- F. Samskipti Íslands og ESB ná aftur til ársins 1973 þegar undirritaður var tvíhliða fríverslunarsamningur milli þessara aðila.
- G. Ísland á nú þegar í nánu samstarfi við ESB, sem aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og undirritunaraðili að Schengen-samningunum og Dyflinnarreglugerðinni, og hefur því þegar tekið upp umtalsverðan hluta regluverks ESB.
- H. Á Íslandi er löng hefð fyrir lýðræði og löggjöf landsins samræmist regluverki ESB að miklu leyti.
- I. Frá árinu 1994 hefur Ísland lagt sitt af mörkum til samheldni og samstöðu í Evrópu með framlögum til fjármagnskerfisins (e. Financial Mechanism) á grundvelli EES.
- J. Á Íslandi er ekki her en landið hefur stutt friðargæsluverkefni ESB með borgaralegu framlagi og tekið reglulega undir yfirlýsingar sem varða sameiginlega stefnu ESB í utanríkis- og öryggismálum.
- K. Ísland og íslenska þjóðin urðu fyrir þungu áfalli vegna fjármála- og efnahagskreppunnar í heiminum, sem hafði í för með sér hrun íslenska bankakerfisins á árinu 2008.
- L. Bresk og hollensk stjórnvöld undirrituðu tvo samninga við íslensk stjórnvöld, í júní og október 2009, um endurgreiðsluskilmála láns frá Hollandi, að fjárhæð 1,3 milljarðar evra, og láns frá Breska konungsríkinu, að fjárhæð 2,4 milljarðar breskra punda. Í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslu hinn 6. mars 2010 var samningnum, sem gerður var í október, hafnað og þess er vænst að samningsaðilar komist að nýju samkomulagi varðandi útgreiðslur sem voru á ábyrgð íslenska innstæðutryggingarkerfisins.
- M. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur lýst því yfir, í formlegri tilkynningu sinni (e. letter of formal notice) frá 26. maí 2010, að Íslandi sé skylt að tryggja greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda Icesave-reikninga í Breska konungsríkinu og Hollandi.
- N. Almennigur og stjórnmalaflokkar á Íslandi eru klofin í afstöðu sinni til aðildar að ESB. Í kjölfar stjórnmalá- og efnahagskreppunnar hefur almenningsálitið bersýnilega snúist gegn ESB-aðild frá því sumarið 2009.

### ***Pólítískar viðmiðanir***

1. fagnar þeirri ákvörðun leiðtogaráðsins að hefja samningaviðræður við Ísland,
2. fagnar þeim möguleika að land með trausta lýðræðishefð gerist nýtt aðildarríki að ESB; leggur áherslu á, í þessu sambandi, að innganga Íslands geti orðið bæði landinu og ESB til góðs og muni styrkja enn frekar hlutverk Sambandsins sem forgönguaðila og verndara mannréttinda og mannfrelsis um allan heim,
3. leggur sérstaka áherslu á framúrskarandi samvinnu þingmanna Evrópuþingsins og Alþingis innan sameiginlegru EES-þingmannanefndarinnar og væntir jafnárangursríkrar samvinnu innan nýrrar sameiginlegrar þingmannanefndar Evrópuþingsins og Íslands,

4. fagnar sérstaklega frumkvæði Íslands varðandi verndun tjáningar- og upplýsingafrelsis fjölmiðla (e. Icelandic Modern Media Initiative) sem gerir bæði Íslandi og ESB kleift að skapa sér afgerandi sess að því er varðar lögvernd tjáningar- og upplýsingafrelsis,
5. fer þess á leit við íslensk stjórnvöld að þau ráði bót á mismunun meðal ríkisborgara ESB að því er varðar réttinn til að greiða atkvæði og bjóða sig fram í sveitarstjórnarkosningum,
6. bendir á að samkvæmt nýrri stækkunaráætlun ESB er réttarkerfi umsóknarlanda eitt af þeim sviðum sem ESB gefur sérstakan gaum, jafnvel snemma á undirbúningsstigi aðildar; er þeirrar skoðunar að íslensk stjórnvöld eigi að samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja sjálfstæði dómstóla, í samræmi við tilmæli Feneyjanefndarinnar, og taka, á viðeigandi hátt, á því hversu afgerandi hlutverk dóms- og mannréttindamálaráðherra er við skipan dómara, saksóknara og dómsmálayfirvalda á hæsta dómstigi; treystir því að íslensk stjórnvöld muni gera þær breytingar sem eru nauðsynlegar,
7. hvetur Ísland til að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu og samning Evrópuráðsins á sviði einkamálaréttar um spillingu,
8. hrósar Íslandi fyrir frammistöðu sína á sviði mannréttinda, fer þess á leit við íslensk stjórnvöld að þau fullgildi rammasamning Evrópuráðsins um verndun þjóðarbrot, sem og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks,
9. hvetur Ísland til að fylgja tilmælum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE)/mannréttinda- og lýðræðisstofnunar ÖSE (ODIHR) um hatursglæpi,

### ***Efnahagsleg viðmið***

10. veitir því athygli að Ísland hefur almennt staðið sig með fullnægjandi hætti við að innleiða skuldbindingar EES og við að standast samkeppnisþrýsting og markaðsöfl innan ESB; veitir því þó athygli að á sviði samræmismats, faggildingar og markaðseftirlits er þörf á frekara átaki til samræmingar við almennar meginreglur og til að tryggja að regluverki ESB sé fylgt að fullu; veitir athygli formlegri tilkynningu ESA til íslenskra stjórnvalda, sem dagsett er 26. maí 2010 – fyrsta skref í málsmeðferð gegn þeim vegna brota sakir vanefnda á skuldbindingum þeirra samkvæmt EES-samningnum um að innleiða tilskipun ESB um innstæðutryggingar (94/19/EB) – og fagnar þeim viðbrögðum íslenskra stjórnvalda að vera tilbúin að ljúka samningaviðræðum um Icesave eins fljótt og auðið er,
11. fagnar þeirri stefnu að auka fjölbreytni í íslenska hagkerfinu sem er nauðsynlegur þáttur í efnahagslegri velferð landsins til lengri tíma,
12. bendir á að umhverfismál eru forgangsmál innan ESB og fagnar því hve Ísland beitir sér mikið í umhverfismálum,
13. veitir því athygli að þrátt fyrir að endurskipulagning í ríkisfjármálum sé áfram eitt mikilvægasta viðfangsefnið hafa komið fram uppörvandi vísbendingar um aukinn efnahagsstöðugleika á Íslandi; lítur á þær ráðstafanir í peningamálum, sem gerðar hafa verið fram að þessu, sem skref í rétta átt til að auka stöðugleika á sviði fjármála og efnahags,
14. fagnar skýrslu sérstöku rannsóknarnefndarinnar sem gæti átt þátt í því að byggja upp traust þjóðarinnar að nýju; hvetur til aðgerða til að fylgja eftir vinnu nefndarinnar í því skyni að bæta úr þeim miklu annmörkum á sviði stjórn mála, efnahags og stofnana sem lýst er í

skýrslunni,

15. fagnar þeirri staðreynd að Landssamtök lífeyrissjóða hafa samþykkt að skipuleggja sjálfstæða rannsókn á starfsháttum og fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna í aðdraganda efnahagshrunsins,
16. fer þess á leit að tvíhliða samningur verði gerður um tilhögun endurgreiðslu lána að heildarfjárhæð 3,9 milljarðar evra til breskra og hollenskra stjórnvalda; leggur áherslu á að gerð samnings, sem er viðunandi fyrir alla aðila, muni endurreisa traust manna á getu Íslands til að standa við skuldbindingar sínar, þ.m.t. allar skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum og muni efla almennan stuðning, á Íslandi og innan ESB, við aðildarferli Íslands,
17. veitir athygli þeirri ósk Íslands að verða hluti af evrusvæðinu, en því takmarki má ná þegar landið er orðið aðili að ESB að uppfylltum öllum nauðsynlegum skilyrðum,
18. fagnar samþykkt annarrar endurskoðunar á viðbúnaðarláni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þar sem lögð er áhersla á stöðugleika gjaldmiðilsins, endurreisn bankanna og umbætur í ríkisfjármálum,
19. hefur áhyggjur af miklu atvinnuleysi og verðbólgu á Íslandi en veitir þó athygli vísbendingum um bata sem nýlega hafa komið fram,
20. hrósar Íslandi fyrir fjárfestingar sínar í menntun, rannsóknum og þróun,

***Geta til að taka á sig skuldbindingarnar sem fylgja aðild***

21. veitir því athygli að vegna aðildar sinnar að EES er Ísland vel á veg komið með að uppfylla kröfur í tíu samningsköflum, uppfyllir að hluta kröfur í ellefu köflum og eru þá aðeins eftir tólf kaflar, sem ekki falla undir EES-samninginn, sem semja þarf um að öllu leyti; leggur áherslu á að framkvæmdastjórnin hefur undirstrikað að Ísland þurfi að grípa til sérstakra aðgerða til að samræma löggjöf sína regluverkinu á ýmsum sviðum, hrinda henni í framkvæmd og beita henni með skilvirkum hætti til meðallangs tíma litið til að uppfylla viðmið varðandi aðild; leggur áherslu á að mikilvæg krafa í aðildarviðræðunum sé að Ísland standi við skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum og samningnum um þátttöku Íslands í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna,
22. fer þess á leit við íslensk stjórnvöld að þau taki á helstu stofnanalegu veikleikum hagkerfis landsins, nánar tiltekið skipulagi og starfsemi fjármálaeftirlitskerfisins og innstæðutryggingarkerfisins,
23. hvetur Ísland til að taka upp landbúnaðar- og dreifbýlisþróunarstefnu er samræmist stefnu ESB og koma á fót nauðsynlegu stjórnskipulagi til að fylgja slíkri stefnu eftir; leggur í þessu tilliti áherslu á að í stefnu ESB verði að taka tillit til sérstakra aðstæðna á Íslandi að því er varðar umhverfi, plönturíki og dýraríki, sem og til landfræðilegrar fjarlægðar landsins frá meginlandi Evrópu,
24. fer þess á leit við framkvæmdastjórnina að Ísland komi að yfirstandandi umræðum um umbætur á sameiginlegu landbúnaðarstefnunni,
25. viðurkennir ábyrga og sjálfbæra stjórnun Íslands á auðlindum sjávar og væntir þess að jafnt

ESB sem íslensk stjórnvöld gangi með jákvæðu hugarfari til samningaviðræðna um það skilyrði að Ísland taki upp sameiginlega fiskveiðistefnu Evrópusambandsins svo að niðurstaða fái, sem báðir aðilar geta sætt sig við, á grundvelli bestu starfsvenja og sem þjóni hagsmunum jafnt sjómanna sem neytenda, innan ESB og á Íslandi,

26. hvetur Ísland til að gera ráðstafanir varðandi fiskveiðistefnu er geri landinu kleift að aðlagast sameiginlegu fiskveiðistefnunni,
27. fer eindregið fram á að Ísland láti af hvalveiðum með öllu og falli frá öllum fyrirvörum sínum á vettvangi Alþjóðahvalveiðiráðsins,
28. veitir því athygli að Ísland hefur margt mikilvægt fram að færa til umhverfis- og orkumálastefnu ESB með reynslu sinni á sviði endurnýjanlegra orkugjafa, einkum að því er tekur til jarðvarmaorku, umhverfisverndar og baráttunnar gegn loftslagsbreytingum,

### ***Samvinna milli svæða***

29. lítur á aðild Íslands að ESB, að því marki sem hún mun styrkja stöðu Evrópu í Norðurskautsráðinu, sem mikilvægt tækifæri fyrir ESB til að gegna virkara og uppbyggilegra hlutverki en áður, og leggja auk þess sitt af mörkum til marghliða stjórnunarháttá á Norðurskautssvæðinu; bendir á að þetta muni greiða fyrir því að úrlausn fái í sameiginlegum umhverfisverndarmálum og geti aukið áhuga ESB á Norðurskautssvæðinu og verndun þess, á svæðisvísu og á heimsvísu,
30. fagnar því að aðild Íslands að ESB mundi styrkja þann hluta utanríkisstefnu Sambandsins sem lýtur að Norður-Atlantshafi,

### ***Almenningsálit og stuðningur við stækkun***

31. hvetur íslensk stjórnvöld til að hefja víðtæka umræðu meðal almennings um aðild að ESB, til að stuðla að þátttöku borgaralegs samfélags í ferlinu frá upphafi, til að fjalla um þau álitæfni sem eru í huga íslenskra borgara varðandi aðild að ESB, með vísan til þess að til að samningaviðræður verði árangursríkar þurfi afgerandi skuldbindingu; fer þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún láti í té efnislegan stuðning og tækniaðstoð, fari íslensk stjórnvöld fram á það, til að auðvelda þeim að bæta gagnsæi og ábyrgð í tengslum við aðildarferlið og skipuleggja ítarlega og víðtæka upplýsingaherferð um allt land um það hvað aðild að ESB hafi í för með sér, svo að íslenskir borgarar geti tekið upplýsta ákvörðun þegar kemur að þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild,
32. er þeirrar skoðunar að brýnt sé að borgarar ESB fái skýrar og ítarlegar upplýsingar um hvað innganga Íslands hafi í för með sér; fer þess á leit við framkvæmdastjórnina og aðildarríkin að þau stuðli að þessu og telur jafnmikilvægt að hlusta á þau álitæfni og spurningar sem leita á huga borgaranna og svara þeim og að bregðast við skoðunum þeirra og gæta hagsmuna þeirra,

o

o o

33. gefur forseta sínum fyrirmæli um að senda þessa ályktun til ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar, varaforseta framkvæmdastjórnarinnar/æðsta talsmanns utanríkis- og öryggismála-

stefnu ESB, stjórnvalda og þinga aðildarríkjanna, forseta Alþingis og stjórnvalda á Íslandi.